

Stjórnarfundur 10/04/2022.

Haldinn í húsnæði ÍSÍ.

Mætt: Bergrún Stefánsdóttir (BS), Magnús Ingólfsson (MI), Kara Arngrímsdóttir (KA), Atli Már Sigurðsson (AMS), Ragnar Sverrisson (RS).

Boðuð forföll: Jóhann Gunnar Arnarsson (JGA), Ólafur Már Hreinsson (ÓMH)

1. **Mótin.**

Næsta mót 7-8. maí, pöntuð verða ljós ásamt borðum og stólum og mun HK sjá um uppsetningu og niðurtekt. Framkvæmd síðustu móta hefur verið góð og fyrir næsta mót mun mótanefnd sjá um uppsetningu á rennsli.

2. **Skýrsla Keppnisstjóra.**

Skýrslan rædd sem er mjög góð og ítarleg. Keppnisstjóri nefnir atriði sem komu upp þar sem framkoma aðila var ekki í lagi og verður það skoðað. BS kallar eftir skýrslu frá klæða- og sporaeftirliti.

3. **Klæðareglur.**

Bæta þarf inn í reglurnar að wetlook spandex, satin spandex, satin og flauel sem efni í kjólum sé leyft á keppnum héraendis.

4. **Erindi stjórnar HK.**

Erindi rætt og viðkomandi aðila verður boðið að koma með andmæli.

5. **Bréf frá liðstjóra/formanni HK.**

Erindið rætt og búið að samþykkja að skýra reglurnar þar sem mistúlkun hefur átt sér stað og vonum við að það verði til þess að þessum málum sé lokið.

6. **Bréf frá stórn Hvannar.**

Erindi rætt og hugsanlegar lausnir ræddar og mun BS senda svar.

Bæta þarf inn í verklagsreglur keppnisstjóra að áminningar skuli safnast saman og ræða eftir keppni nema um greinilegan ásetning sé að ræða.

Senda á erindi til félaganna þar sem rætt verður hvernig aðilar sjá tónlistarspilun fyrir sér þar sem athugasemdir hafa verið ansi margar og verður rætt í stjórn þegar svör koma frá félögunum.

7. **Bréf frá formanni DR.**

Erindið var rætt og er búið að samþykkja að skýra reglurnar þar sem mistúlkun hefur átt sér stað og vonum við að það verði til þess að þessum málum sé þá lokið. Einnig var rætt um að ítreka það við keppnisstjóra að ef veita eigi áminningu þá þurfi að gera það hreint og beint.

8. **Landsliðstímar.**

Athugasemd er gerð við að landsliðsnefnd svari ekki póstum sem berast frá stjórnarmeðlimum og eins að tímum hjá erlendum þjálfurum sé ekki skipt jafnt á milli para. RS mun vera í sambandi við Valdísi og landsliðsnefnd varðandi framhaldið.

9. **Breik, hvar stöndum við?**

WDSF er að þrýsta mjög á DSÍ að taka inn Breik dans.

Stjórn mun koma með tillögu að lagabreytingu um að breyta úr samkvæmisdans í dansíþrótt.

10. Reykjavíkurlaikarnir.

Stjórn Reykjavíkurlaikanna hefur óskað eftir að DSÍ skili sem fyrst staðfestingu á dagsetningu fyrir RIG 2023. Stjórn samþykkti 4. febrúar 2023.

11. Dansþingið.

Uppstillingarnefnd verður skipuð eftirfarandi Tinna Karen Guðbjartsdóttir formaður, Dóris Ósk Guðjónsdóttir og Þórunn Anna Ólafsdóttir.

Þingforseti verður Hafsteinn Pálsson.

Kjörbréfanefnd. Helga Harðardóttir DR, Hjördís Hjörleifsdóttir Hvönn, Heiðrún Svanhvít Níelsdóttir HK.

12. Önnur mál.

a) Fundargerð mótanefndar.

Fundargerð rædd og yfirfarin.

Samþykkt að hafa sölu á borðum annað hvort heilt eða hálf.

Vera í sambandi við ÍF varðandi flokkaskiptingu eftir fötlun í Stjórnuflökki til að auðvelda dómurum að dæma þörin.

Búið er að óska eftir því við félögin að þau sendi inn sínar vangaveltur varðandi kynningarumferðir en samþykkt að kynningarumferðir verði á næsta móti.

Auði verður boðið að sjá um klæða- og sporaeftirlit.

b) RS minnir á punkta sem hann sendi inn varðandi breytingar á tímasetningum á rennsli bæði varðandi keppendur og sýningarhópa.

Stefnt að því að hafa sýningarhópa í hádegi á sunnudegi á næsta móti.

c) MI minnir á tillögu að breytingu á Siðareglum DSÍ og tekin var ákvörðun að samþykkja tillöguna til að skerpa á reglunum og verða nýjar reglur birtar á síðu DSÍ.

Þannig fram farið.

Magnús Ingólfsson Ritari.

Næsti fundur

2. maí 2022 kl. 20:30